

STJÓRNARTÍÐINDI B 19 – 1995

27. febrúar 1995

273

Nr. 126

AUGLÝSING

um þingsætatölu kjördæma við kosningar til Alþingis.

Þingsætatala kjördæma samkvæmt a- og b-lið 1. mgr. 5. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. október 1987, sbr. lög nr. 9 27. febrúar 1995, skal vera sem hér segir við næstu almennar kosningar til Alþingis:

Reykjavíkurborgkjördæmi	19 þingsæti
Reykjaneskjördæmi	12 þingsæti
Vesturlandskjördæmi	5 þingsæti
Vestfjarðakjördæmi	5 þingsæti
Norðurlandskjördæmi vestra	5 þingsæti
Norðurlandskjördæmi eystra	6 þingsæti
Austurlandskjördæmi	5 þingsæti
Suðurlandskjördæmi	6 þingsæti

Þetta auglýsist hér með samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. október 1987, sbr. 2. gr. og I. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 9 27. febrúar 1995 um breytingu á þeim lögum.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um þingsætatölu kjördæma við kosningar til Alþingis, nr. 473 2. október 1991.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 27. febrúar 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

23. febrúar 1995

Nr. 127

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Húsavíkur.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Húsavíkur selur afnot hitaorku úr hitakerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í Húsavík og Reykjahreppi eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð staðfestri 25. maí 1970 um hitaveitu og hitalagnir í Húsavík.

Gutenberg

B 20